



11. febrúar 2026
Tilv.: 2511168

Ívera ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Efni: Staðfesting á grunnlýsingu Íveru ehf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur að undanfögnu haft til athugunar drög að grunnlýsingu fyrir Íveru ehf.

Fjármálaeftirlitið hefur gert ýmsar athugasemdir við form og efni þeirra draga sem lögð hafa verið fram og fengið svör og úrbætur og vísast um það til bréfaskipta og viðræðna við tengilið Íveru ehf. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (Ilv.) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndri grunnlýsingu er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. Ilv. staðfestir fjármálaeftirlitið grunnlýsingu Íveru ehf., dags. 10. febrúar 2026.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. Ilv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Útgefanda er bent á að þegar fullbúin umsókn hefur verið send til skipulegs markaðar eða viðskipti eru hafin á markaðstorgi fjármálagerninga stofnast skylda til að halda utan um innherjalista skv. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 sem var innleidd með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og því þarf útgefandi að óska eftir aðgangi að gagnaskilakerfi á sedlabanki@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
háttsemiseftirlit

